

## **Greinargerð með starfsleyfi Íslenska Gámafélagsins ehf. vegna jarðgerðar**

### **Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðiseftirliti Austurlands barst umsókn Íslenska Gámafélagsins ehf. kt. 470596-2289 um starfsleyfi fyrir jarðgerð að Hjallanesi 10-14 þann 1. apríl sl. Áður hafði starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurland frá 23.1.2018 sem gefið var út til fjögurra ára verið fellt úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Móttaka umsóknar var auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands [www.haust.is](http://www.haust.is). Unnin var tillaga að starfsleyfinu í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands þann 3. apríl. Gefinn var 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum við starfsleyfi eða til og með 2. maí.

### **Umsögn skipulags og byggingafulltrúa Fjarðabyggðar**

Skv. 6.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Óskað var eftir umsögn frá skipulags og byggingafulltrúa Fjarðabyggðar þann 3. apríl sl. Samkvæmt umsögn dags 1. maí sl. frá sviðstjóra umhverfis og skipulagssviðs Fjarðabyggðar er starfsemin í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag svæðisins gerir ráð fyrir grófum iðnaði á svæðinu.

### **Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Á umsagnartíma vegna fyrirhugaðrar útgáfu starfsleyfis bárust athugasemdir frá fimm aðilum, Íslenska Gámafélaginu ehf., Fjarðabyggð og þremur íbúum á Reyðarfirði við starfsleyfi fyrirtækisins.

#### Íslenska Gámafélagið

Gerð var athugasemd við minniháttar innsláttarvillur í drögunum sem verða lagfærðar í endanlegri útgáfu starfsleyfis. Auk þess var gerð athugasemd við þá breytingu sem gerð var frá fyrra starfsleyfi þar sem gerð var krafa um að gögnum vegna innra eftirlits yrði skilað inn til heilbrigðiseftirlits amk. tvisvar á ári.

#### Fjarðabyggð

Sveitarfélagið Fjarðabyggð skilaði inn umsögn við fyrirhugaða útgáfu starfsleyfis Íslenska Gámafélagsins dags. 1. maí sl. Þar kom meðal annars fram að óskað væri eftir að skýrt kæmi fram í starfsleyfi fyrirtækisins að einungis væri heimilt að taka á móti lífrænum eldhúsúrgangi frá heimilum og fyrirtækjum í Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði enda einungis þessara staða getið í samningi sveitarfélagsins við verktakann.

Ítrekuð eru fyrri svör HAUST þar sem ekki er talin ástæða til að afmarka móttöku á úrgangi við tiltekin sveitarfélög þaðan sem úrgangur kemur. HAUST mun eingöngu fylgja því eftir að magn úrgangs sem unnið er á svæðinu sé innan þeirra marka sem fram kemur í starfsleyfi fyrirtækisins þ.e.a.s. 600 tonn.

Í bréfi Fjarðabyggðar segir „Þá verður líka að hafa í huga að í síðustu umsögn Fjarðabyggðar kemur skýrt fram að ef verktaki er ekki að standa sig þá eigi að tæma svæðið á hans kostnað. Það hefur ekki verið gert af hálfu Heilbrigðiseftirlits Austurlands.“

Hér er væntanlega verið að vísa til umsagnar sveitarfélagsins dags. 12.10.2017 þar segir efnislega að ef upp koma endurtekin vandamál vegna starfseminnar skuli rýma svæðið af úrgangi ef ljóst er aðferðir duga ekki. Í 6.kafla starfsleyfisins er ákvæði þess efnis að endurtekin brot á starfsleyfi geti leitt til takmörkunar eða stöðvunar á starfsemi. Slíkar aðgerðir eru mjög íþyngjandi fyrir fyrirtækið og hefur HAUST ekki talið tilefni til að beita þessu úrræði. Heilbrigðiseftirlit Austurlands starfar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og beitir þvingunarúrræðum skv. XVII kafla, brjóti fyrirtækið ákvæði laga og reglugerða eða þau skilyrði sem sett eru í starfsleyfi fyrirtækisins.

Fram kemur að ítrekað hafi verið kvartað vegna lyktarmengunar af svæðinu en engar skráningar eða töluleg gögn fylgja þessari fullyrðingu. Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi samband við eftirlitsaðila þegar kvartanir berast auk þess er nauðsynlegt að halda skrá yfir kvartanirnar svo hægt sé að vísa til þeirra.

*„Komi til þess að gefið verði út starfsleyfi að nýju krefst Fjarðabyggð þess að Heilbrigðiseftirlit Austurlands sjái til þess að jarðgerðin að Hjallanesi 10-14 verði í samræmi við starfsleyfi og úrræðum vegna endurskoðunar- eða niðurfellingar á starfsleyfi verði beitt ef starfsemi verður ekki innan marka starfsleyfis.“*

Skv. 40. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er rekstaraðila skylt að tryggja að starfsemi fyrirtækisins sé í samræmi við ákvæði laga 7/1998 og reglugerðar settra samkvæmt þeim sem og starfsleyfisskilyrðum. Heilbrigðiseftirlit Austurlands sinnir eftirliti skv. sömu lögum.

#### Íbúar Reyðarfjarðar

Frá almenningi bárust athugasemdir frá Agnari Bóassyni, Inga Lár Vilbergssyni og Margréti Þorvaldsdóttur allt íbúum á Reyðarfirði.

Í samhljóðandi bréfum frá tveimur aðilum eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða útgáfu starfsleyfis í fimm liðum og er þeim athugasemdum svarað í sömu röð.

Margrét Þorvaldsdóttir gerði athugasemdir við lyktarmengun frá starfseminni og er henni svarað í lið 4 og 5.

1. Gerð er athugasemd við að magn lífræns úrgangs sé umfram leyfilegt magn sem fram kom í fyrra starfsleyfi þ.e. umfram 600 tonn.  
Skv. upplýsingum frá Íslenska Gámafélaginu og viðkomandi sveitarfélögum rúmast sá lífræni úrgangur sem tekið er á móti innan starfsleyfi fyrirtækisins.
2. Gerð er athugasemd við umgengni fyrirtækisins á athafnarsvæðinu.  
Rekstaraðila er skylt skv. ákvæði í starfsleyfisdrögum að halda athafnarsvæðinu snyrtilegu. Múgum er snyrtilega raðað upp á svæðinu og starfsmenn Íslenska Gámafélagsins hreinsa reglulega upp þann úrgang sem barst með snjómokstri út af svæðinu. Sé umgengni ábótavant mun HAUST gera viðeigandi kröfur um úrbætur.
3. Gerð er athugasemd við lélegar meindýravarnir á svæðinu.  
Virkur samningur er við meindýraeyði sem kemur reglulega á svæðið. Skýrslur meindýraeyðis benda ekki til að aukning hafi orðið á músum á svæðinu eftir að jarðgerð hófst. Auk þess hefur verið settur upp hljóðbúnaður eða fuglafæla á svæðinu til að halda fuglum í skefjum á svæðinu.
4. Gerð er athugasemd við lyktarmengun frá svæðinu.

Frá því að starfsleyfi var gefið út hafa heilbrigðisfulltrúar brugðist skjótt við ef kvartanir hafa borist vegna lyktar. Heilbrigðisfulltrúar hafa farið á staðinn, lagt mat á stöðuna og þá hvort að þurfi að fara í einhverjar frekari aðgerðir. Aðeins í einu tilfelli hafa heilbrigðisfulltrúar staðfest lyktarmengun við svæðið.

5. Gerð er athugasemd við að HAUST hafi ekki brugðist við lyktarkvörtunum með því að fella niður starfsleyfi eða endurskoða það enda hafi lykt valdið ónæði.

Í fyrra starfsleyfi fyrir jarðgerð Íslenska Gámafélagsins ásamt núverandi drögum er kveðið á um að ef lyktarmengun sé viðvarandi áskili HAUST sér þann rétt til að fella niður eða endurskoða starfsleyfi. Lyktarmengun á svæðinu hefur ekki verið viðvarandi að mati HAUST og er bundin við þegar múgunum er velt við. Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins hafa þá vinnureglu að snúa múgunum þegar vindátt er hagstæð en í stillum hefur lykt borist í skamma stund yfir íbúabyggð.

### **Breytingar á tillögu á starfsleyfi**

Að loknum auglýsingatíma var gerð eftirfarandi breyting á lið 4.8

„mæla skal E.coli, saurkokka og salmonellu“ var breytt í

„mæla skal E.coli eða saurkokka og salmonellu“

Breyting var gerð á lið 5.1.

„skila skal eftirfarandi skráningum til eftirlitsaðila að lágmarki tvisvar sinnum á ári“ var breytt í

„skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.“

### **Skipulagsstofnun – ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til umsagnar Skipulagsstofnunnar dags 16. nóvember 2017 um ákvörðun um matsskyldu. Starfsemin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matskyldu skv. 6.gr. og lið 11.15 í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að framkvæmdin „*sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*“

### **Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Austurlands um útgáfu starfsleyfis**

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var ákveðið að veita Íslenska Gámafélaginu ehf. starfsleyfi fyrir jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi. Starfsleyfið var útgæfið 6. maí skv. 14.gr. í stofnsamningi HAUST og gildir leyfið til fjögurra ára. Er útgáfa starfsleyfis með fyrirvarna um fullnaðarafgreiðslu Heilbrigðisnefndar Austurlands en næsti fundur nefndarinnar er 14.maí n.k.

Á því rúma ári frá því að starfsemin hófst hafa HAUST borist fjórar kvartanir vegna lyktarmengunar. Kvartanirnar fjórar bárust allar á sex vikna tímabili frá 24. september til 7. nóvember 2018. Öllum kvörtunum er sinnt og rekstararaðili upplýstur um að kvörtun hafi borist. Við eftirlit heilbrigðisfulltrúa í kjölfar kvartana var hægt að staðfesta lykt frá svæðinu í einu tilfelli en ekki kom til þess farið væri fram á sérstakar aðgerðir til að takmarka lykt. Því telur HAUST að ekki sé grundvöllur fyrir því að hafna útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemina af þeim sökum.

Engu að síður verður meðal annars vegna þeirra athugasemda sem bárust á auglýsingatíma starfsleyfisins áhersla lögð á að fylgjast vel með mögulegri lyktarmengun á svæðinu og er starfsleyfið eingöngu gefið út til fjögurra ára en ekki tólf. Reglubundið eftirlit fyrir jarðgerð Íslenska Gámafélagsins verður að lágmarki þrisvar sinnum á ári. Í starfsleyfi fyrirtækisins er kveðið á um að verði um viðvarandi lyktarmengun eða ónæði af starfseminni að ræða áskili HAUST sér rétt til að endurskoða starfsleyfið eða fella það niður. Þar að auki eru ákvæði í starfsleyfinu sem miða að því að draga eins og kostur er úr lyktarmengun.

### Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sb. 5.gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingafyllst  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Lára Guðm.  
Lára Guðmundsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi  
AUSTURLANDSSVÆÐIS